

# AÐALFUNDUR 2020

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

## 5.0

### AFGREIÐSLA MARKMIÐA OG STARFSÁÆTLUNAR NÆSTA ÁRS

---

#### Helstu áherslur í starfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2020-2021

lagðar fram á aðalfundi Fíh 17. September 2020

#### Hjúkrun og samfélagið

Nauðsynlegt er að yfirvöld fjárfesti meira í hjúkrun og skapi um leið heilbriggt og eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir hjúkrunarfræðinga. Auka þarf þátttöku hjúkrunarfræðinga í nefndum og ráðum innan bæði hins opinbera og í einkageiranum. Þannig má auka áhrif hjúkrunarfræðinga á mikilvæg málefni er snerta hjúkrun. Áfram verður unnið að því að gera hjúkrunarfræðinga og störf þeirra sýnilegri í íslensku samfélagi. Einnig verður sett fram endurskoðuð stefna félagsins með hliðsjón af Heilbrigðisstefnu stjórnvalda til 2030. Unnið verður áfram að jöfnun kynjahlutfalls innan stéttarinnar þar sem nauðsynlegt er að hjúkrunarfræðingar endurspegli fjölbreytileika skjólstæðinga sinna sem þeir mæta hverju sinni.

#### Kjaramál og starfsumhverfi

Megináhersla kjarasviðs verður á að ljúka miðlægum kjarasamningum við þá viðsemjendur sem ósamið er við. Einnig verður unnið að útfærslu miðlægra samninga með endurskoðun stofnanasamninga. Innleiðing á breyttum vinnutíma dagvinnumanna og vaktavinnumanna verður að auki umfangsmikið verkefni á kjarasviði á komandi starfsári þar sem unnið verður að tímamótastyttingu á vinnutíma í samstarfi við opinbera launagreiðendur og önnur stéttarfélag.

#### Starfssvið hjúkrunarfræðinga

Starfssvið hjúkrunarfræðinga tekur mið af heilbrigðisstefnu til 2030 þar sem hjúkrunarfræðingar skipa sér í forystu við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og veitingu hennar, eru á öllum þjónustustigum og lykilaðilar í að veita rétta þjónustu á réttum stað. Unnið verður að því að styrkja vinnuframlag hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins og þjóðfélagsins með fjölbreyttri þekkingu og reynslu þeirra samkvæmt markmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (WHO) og niðurstöðum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Áhersla verður einnig á að efla enn frekar leiðtoga í hjúkrun og fylgja eftir Nigthingale-áskoruninni sem Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) standa fyrir. Einn liður í því er að halda áfram vinnu við að koma aftur á hlutverki yfirhjúkrunarfræðings (e. Government Chief Nursing Officer; GCNO) en það hefur verið sameiginlegt átaksverkefni hjúkrunarfélaga á Norðurlöndum SSN (Sygeplejerskernes Samarbejde i Norden).

## **Þjónusta og fræðsla**

Starfsemi skrifstofu Fíh verður endurskoðuð í anda sjálfbærni og þjónusta við félagsmenn verður styrkt. Skoðað verður hvernig best verður unnt að mæta þjónustubörfum félagsmanna í anda nýsköpunar, með hliðsjón af breyttum starfsaðferðum í kjölfar veirufaraldursins. Sérstök áhersla verður á að styðja hjúkrunarfræðinga fyrstu tvö árin í starfi, stuðning við erlenda hjúkrunarfræðinga og að veita hjúkrunarfræðingum ráðgjöf við starfslok. Fíh mun áfram styðja frekari menntun hjúkrunarfræðinga og boðið verður m.a. upp á ýmis námskeið til sí- og endurmenntunar. Fyrirhugað er að viðburðir í tilefni árs hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra árið 2020 flytjist fram til ársins 2021. Einnig er stefnt að því að unnin verði könnun um öryggismál í starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga og henni fylgt eftir með viðeigandi hætti.